

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnes
801 SELFOSS

Garðabær, 11. júlí 2024
Málsnúmer: 202405-0064
SS

Efni: Háifoss og Granni – Deiliskipulag.

Við er í tölvubréf frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 30 maí 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um nýtt deiliskipulag fyrir áfangastað ferðamanna við Háafoss og Granna.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið og gerir ekki athugasemdir. Nauðsynlegt er að bæta aðstöðu og tryggja öryggi ferðamanna en gljúfur Fossár við Háafoss og Granna er mjög vinsæll viðkomustaður. Stefnt er að lítils háttar stækkun bílastæðis og að gera göngustíga og útsýnispalla. Þannig er umferð stýrt um svæðið og öryggi nálægt glúfurbörmum bætt mjög en það verður að teljast fremur ótryggt í dag. Stýring á umferð mun einnig draga úr álagi á gróður og jarðminjar. Stefnt er að því að hönnun mannvirkja dragi úr ásýndaráhrifum eins og hægt er og er það mikilvægt ekki síst fyrir þá er koma gangandi og hjólandi úr vesturátt. Náttúrufræðistofnun vill benda á áhugaverðan stórgrýttan jökulgarð nálægt staðsetningu bílastæðis og göngustíga sem vert er að huga að með tillit til ásýndar.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar

